



# HÖFN - NESJAHVERFI

Sveitarfélaginu Hornafirði

Aðalskráning fornleifa innan þéttbýlissvæða



**RANNSÓKNIR**  
HORNAFJARÐAR

Sigríður Guðný Björgvinsdóttir  
2024



*Mynd á forsíðu: Frá Syðri-Ægissíðu. Verstöðvarhúss Rolf Johansens (3000-112).*

©2024

Menningarmiðstöð Hornafjarðar

Rannsóknasvið

Litlubrú 2

780 Höfn

Netfang: [menningarmidstod@hornafjordur.is](mailto:menningarmidstod@hornafjordur.is)

Heimasíða: [www.mmh.hornafjordur.is](http://www.mmh.hornafjordur.is)

## Innihald

|                             |                                           |     |
|-----------------------------|-------------------------------------------|-----|
| 1.                          | Inngangur .....                           | 1   |
| 2.                          | Löggjöf um menningarminjar .....          | 3   |
| 3.                          | Aðferðir/framkvæmd .....                  | 4   |
| 4.                          | Skráningarsvæðið í sögulegu samhengi..... | 7   |
| 4.1                         | Hafnarnes.....                            | 7   |
| 4.2.                        | Höfn.....                                 | 8   |
| 4.3.                        | Álaugarey.....                            | 10  |
| 4.4                         | Ósland .....                              | 10  |
| 4.5.                        | Bjarnaneshverfi .....                     | 11  |
| 4.6.                        | Nesjahverfi .....                         | 12  |
| 5.                          | Niðurstöður / Samantekt.....              | 14  |
| 6.                          | Minjaskrá.....                            | 18  |
| 7.                          | Heimildaskrá.....                         | 136 |
| Viðauki I.....              |                                           | 140 |
| Minjakort.....              |                                           | 140 |
| Viðauki II.....             |                                           | 154 |
| Minjatafla með hnitum ..... |                                           | 154 |
| Viðauki III.....            |                                           | 164 |
| Áhrif tilefnis.....         |                                           | 164 |

## 1. Inngangur

Í ársbyrjun 2023 ákvað bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar að hefja vinnu við endurskoðun aðalskipulags fyrir sveitarfélagið. Í kjölfar þess var rannsóknarsviðið Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar falið að fornleifaskrá þéttbýlissvæði innan marka sveitarfélagsins, samkvæmt kröfum og gildandi stöðlum Minjastofnunar Íslands vegna aðalskipulags.

Í tilefni minjaskráningar fyrir aðalskipulag gerir Minjastofnun kröfu um vettvangsskráningu allra jarðfastra minja, innan þéttbýlis og á svæðum þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru á skipulagstímanum og munu valda jarðraski.<sup>1</sup> Framkvæmd skráningar er þríþætt; heimildavinna, vettvangsskráning og skýrslugerð.

Sveitarfélagið Hornafjörður hefur tvö skilgreind þéttbýlissvæði, annars vegar Höfn og hins vegar Nesjahverfi. Höfn stendur syðst í fyrrum landi Hafnarness, á lágu og vogskornu nesi, Hafnarnesi sem skilur að Hornafjörð og Skarðsfjörð. Upphaf byggðar á Höfn nær aftur til 1897 þegar versluninn á Papós í Lóni var flutt á lóð við Hafnarvík, austast á Hafnartanga.<sup>2</sup> Mörk Nesjahverfis liggja innan fyrrum beitolands Bjarnarness og hjáleigna, síðar land Fornustekka og Austurhóls í Nesjum.<sup>3</sup> Stofnun skólaseturs og bygging félagsheimilis í Nesjahreppi á sjötta áratugnum markaði upphaf þéttbýlisbyggðar í Nesjahverfi tveimur áratugum síðar.<sup>4</sup>

Úttektarsvæðin tvö, annars vegar þéttbýlið Höfn og hins vegar Nesjahverfi, eru samtals um 575 ha að stærð. Mynd 1 sýnir afmörkun þéttbýlissvæðanna.

Heimildavinna hefur staðið yfir frá haustinu 2023, vettvangsskráning var unnin frá síðla sumri og fram á haustið 2024. Skýrsluskrif fóru fram samhliða þeirri vinnu. Verkefnið í heild sinni, undirbúnings- og vettvangsvinna, úrvinnsla og skýrslugerð var unnin af Sigríði G. Björgvinsdóttur verkefnastjóra á Rannsóknarsviði Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

Uppsetning skýrslunnar er eftirfarandi: að loknum inngangi er kafli um löggjöf um menningarminjar, því næst kafli um framkvæmd skráningar. Í kafla 4 er sögulegt samhengi skráningarsvæða rakið. Í ljósi umfangs þessa verkefnis eru helstu niðurstöður teknar saman í 5. kafla, á undan minjaskrá en hún er birt í 6. kafla. Heimildaskrá er í 7. kafla en minjakort, minjaskrá sett upp í töflu, ásamt hættumati vegna tilefnis eru í viðaukum I, II og III aftast í skýrslu.

Minjaskráningin fyrir tiltekið verkefni hlaut verkefnanúmerið 3000 hjá Minjastofnun Íslands.

---

<sup>1</sup> Minjastofnun Íslands, 2024

<sup>2</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 53

<sup>3</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 192, 199

<sup>4</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 197-198



**Sveitarfélagið Hornafjörður**

### Höfn - Nesjahverfi

Afmörkun  
þéttbýlis

Í reglum Minjastofnunar Íslands fyrir minjaskráningu á aðalskipulagsstigi er gerð krafa um vettvangsskráningu allra jarðfastra minja innan þéttbýlissvæða. Einnig svæða þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru á gildistíma skipulags og munu valda jarðraski. Minjaskráning innan afmörkunar þéttbýlis í sveitarfélaginu, þ.e. Höfn og Nesjahverfi, var framkvæmd 2024, samkvæmt stöðlum MÍ og hlaut verkefnanúmerið 3000. Minjakort er sýna skráðar minjar eru í viðauka aftast í skýrslu.

Kort: Sigríður G Björgvinsdóttir, 2024.

© Loftmyndir ehf

Mynd 1. Yfirlitskort er sýnir útlínur þéttbýlissvæðanna, Höfn og Nesjahverfi.

## 2. Löggjöf um menningarminjar

Samkvæmt 1. grein laga um menningarminjar (nr.80 29. júní 2012) ber að vernda íslenskan menningararf og tryggja að honum verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.<sup>5</sup>

Í 3. grein sömu laga eru fornminjar skilgreindar eftirfarandi:

„Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógrofum, kolagrofum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra. “<sup>6</sup>

Þar segir einnig að fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.<sup>7</sup> Geta má þess að helgunarlína friðaðra minja er 15 m en 100 m er varðar friðlýstar minjar, samkvæmt ofangreindum lögum um menningarminjar.

<sup>5</sup> Lög um menningarminjar nr.80/2012

<sup>6</sup> Lög um menningarminjar nr.80/2012

<sup>7</sup> Lög um menningarminjar nr.80/2012

### 3. Aðferðir/framkvæmd

Skráning menningarminja sem kynnt er í þessari skýrslu var gerð með aðferðafræði fornleifaskráningar samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands um skráningu vegna aðalskipulags. Fyrir lá svæðisskráning menningarminja í Austur-Skaftafellssýslu frá 1999, unnin af Sýslusafni Austur-Skaftafellssýslu.

Kannaðar voru m.a. eftirtaldar heimildir í aðdraganda vettvangsvinnu:

- Byggðasaga Nesjahrepps (Bjarni Bjarnason, 1971). Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, 1. bindi*
- Byggðasaga Hafnarhrepps (Bjarni Bjarnason og Gísli Björnsson, 1976). Í *Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu, 3. bindi*
- Fasteignamat í Nesjahreppi, Hafnarkauptún 1930
- Nesjahreppur, Uppskrifta- og virðingabók 1921-1934
- *Saga Hafnar í Hornafirði - fyrra bindi*. Aðdragandi búsetu og frumbýlisár (Arnpór Gunnarsson, 1997)
- Skaftafellssýsla, *Sýslu- og sóknalýsingar 1839-1873*
- Skjalasafn Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, KASK. Virðingagjörð 1913-1920
- *Örnefnaskrár*: Fyrir Hafnarnes, Bjarnanes, Austurhól og Fornustekka
- Herföngjaraðskort Dana, örnefnakort, kortavefsjár og gamlar loftmyndir
- Ýmsar ritaðar æviminningar Austur-Skaftfellinga

Fyrri rannsóknir á tilgreindum svæðum eru takmarkaðar. Árið 1934 rannsakaði þáverandi þjóðminjavörður Matthías Þórðarson mannabein og gripi sem komu í ljós í Álaugarey í tengslum við vegagerð.<sup>8</sup> Hér höfðu menn raskað konukumli sem talið er vera frá 10. öld. Mannvistarlög komu í ljós við norðurgömlu verbúðarinnar í Álaugarey vorið 2014.<sup>9</sup> Talið er að hér gæti verið um mannvistarleifar frá 13.-14. öld að ræða. Engar frekari rannsóknir hafa farið fram á ofangreindum minjum í Álaugarey fram að þessu.

Samtals sjö eldri skráningarverkefni lágu fyrir og eru öll innan marka Hafnar. Sex verkefni voru unnin af Rannsóknarsviði Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar og 1 af Fornleifastofnun Íslands. Í tilvikum þeirra skráninga er vitnað til eldri auðkennisnúmera og lýsinga úr viðeigandi skýrslum í minjaskrá.

---

<sup>8</sup> Matthías Þórðarson, 1936, bls. 32-34

<sup>9</sup> Vala Garðarsdóttir, 2014

- 1840 -** *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Fjárhúsvík í Hornafirði.* Vala Garðarsdóttir og Sigríður G Björgvinsdóttir (2017). Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Rannsóknarsvið.
- 2085 -** *Skráning fornleifa vegna hitaveitulagna frá Hoffelli að Höfn í Hornafirði.* Birna Lárusdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir (2015). Fornleifastofnun Íslands ses.
- 2549 -** *Miðsvæði Hafnar Sveitarfélaginu Hornafirði. Minjakönnun vegna deiliskipulags.* Sigríður G Björgvinsdóttir (2020). Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Rannsóknarsvið.
- 2663 -** *Minjaskráning. Leiðarhöfði Höfn í Hornafirði.* Sigríður G Björgvinsdóttir (2021). Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Rannsóknarsvið.
- 2699 -** *Stekkaklettur í landi Hafnar í Hornafirði. Deiliskráning vegna skipulagsgerðar.* Sigríður G Björgvinsdóttir (2021). Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Rannsóknarsvið.
- 2746 -** *Fornleifaskráning. Hafnarsvæðið við Ósland Sveitarfélaginu Hornafirði.* Sigríður G Björgvinsdóttir (2022). Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Rannsóknarsvið.
- 3171 -** *Álaugarey og Standey, Höfn í Hornafirði. Fornleifa- og húsaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi á hafnarsvæði við Krossey.* Sigríður G Björgvinsdóttir og María Björk Gunnarsdóttir (2024). Menningarmiðstöð Hornafjarðar – Rannsóknarsvið.

Fleiri minjakannanir hafa verið gerðar innan þéttbýlissvæðis Hafnar í tengslum við skipulagsáform en þær kannanir leiddu ekki til skráningar minja. Er þeirra því ekki getið hér nánar.

Leitað var til staðkunnugra á Höfn og í Nesjum til að afla nánari upplýsinga um aldur og hlutverk minja innan þéttbýlissvæðanna. Fyrrum starfsmenn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Björn G. Arnarson, Sigurður Hannesson og Guðný Svavarsdóttir veittu góðar upplýsingar. Sverrir Guðmundsson fyrrum ábúandi á Austurhól í Nesjum varpaði ljósi á minjar í nærumhverfi Nesjahverfis. Björn og Sigurður lásu yfir handrit minjaskrár. Öllum ofangreindum eru færðar bestur þakkir fyrir aðstoðina.

Farnar voru 5 vettvangsferðir og úttektarsvæðin skoðuð kerfisbundin í leit að þekktum sem og óþekktum minjum. Minjastaðir voru staðsettir nákvæmlega með Trimble GeoXH stöð (gps-gagnatæki) í hnitakerfi ISN93 og skráningarupplýsingum safnað. Hver minjastaður var ljósmyndaður frá a.m.k. tveimur áttum, með Canon EOS 6D myndavél, einnig var notast við Mavic Air 2 flygildi til myndatöku þegar aðstæður leyfðu. Úrvinnsla og leiðrétting gagna fór fram í Pathfinder Office og kortagerð í Qgis landupplýsingakerfi.

Skráningarformið í minjaskrá er á þessa vegu:

Auðkennisnúmer: verkefnanúmer (úthlutað af Minjastofnun Íslands) – númer fornleifar :001 (hlaupandi númer innan verkefnis frá 001). Dæmi: 1800:001.

Staðsetning fornleifa er gefin upp með hnitum í hnitakerfi ÍSNET93.

Tegund og hlutverk: Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Dæmi: tóft; fjárhús.

Aldur er skráður frá og til fyrir tímabili notkunar.

Skráð er ef fornleif hefur notið friðlýsingar og þá hvenær.

Ástand minja er metið út frá flokkun Minjastofnunar um sýnileika.

Hættumat og orsök byggist á hvort fornleif muni verða fyrir raski í framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

Stærð er skráð í vegghæð og -breidd ásamt mestri lengd og breidd í metrum.

Í lýsingu er minjum lýst í útliti og ástandi.

Hnattstaða er mæld í miðju hvers minjastaðar. Ef eingöngu er um heimild eða frásögn um minjar að ræða, er áætluð staðsetning þeirra grundvölluð á upplýsingum með 20-50 m óvissu.

## 4. Skráningarsvæðið í sögulegu samhengi

### 4.1 Hafnarnes

Hafnarnes er ein af jörðum í fyrrum Nesjahreppi í Hornafirði og var metin með betri jörðum hreppsins og mikil hlunnindajörð, m.a. æðarvarp, silungs- og lúruveiði ásamt selveiði.<sup>10</sup>

Byggðasaga Austur-Skaftafellssýslu segir elstu heimildir um jörðina Hafnarnes vera frá 14. öld, þá í eigu einstaklinga sem bjuggu ekki á jörðinni.<sup>11</sup> Á 15. og 16. öld er Hafnarnes í eigu Teits ríka Gunnlaugssonar í Bjarnanesi og afkomenda en seld til Skálholtsbiskups eftir siðaskiptin.<sup>12</sup> Seint á 18. öld er jörðin í konungseign og verður þjóðjörð 1874.<sup>13</sup> Ábúendur urðu þar með leiguliðar og greiddu landskuld til landeiganda fyrir ábúðarrétti.<sup>14</sup>

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1708-9 segir um Hafnarnes: „*Hafnarnes. Dómkirkju jörð. xij hdr. Landsk. 1 hdr. Kúg. 3. Kvaðir eru hestlán, skipsáróður, dagsláttur. Einar kvaðir af öllum þar búendum. Reka von lítil innan fjarðar við sjálfrar hennar land. Skógar ítak á jörðin í Dals landi, þar sem heitir Hafnanesskógur. Skógur, hagbeit geldnautum á vetur í Dilknesslandi og skógarhögg á 5 hesta í Dilkness skógi.*“<sup>15</sup> Árið 1753 var landverðið 12 hundruð, landskuldin 1 hundruð og kúgildin 2 og 2 ábúendur.<sup>16</sup> Árið 1847 var jarðadýrleiki óbreyttur en þar segir þó að í *Stólsjarðabókinni* sé jörðin sögð 25 hundruð að dýrleika.<sup>17</sup> Árið 1861 var ný jarðatala Hafnarness 18,1 hundruð.<sup>18</sup>

Í Byggðasögunni segir einnig: „*Land jarðarinnar er mjög vogskorið með mörgum nesjum og tögum. Yzt er Langhólanes í landinu fyrir sunnan Stekkakeldu, en Stekkanes og Línnes fyrir norðan hana. Allt land jarðarinnar er samfelt, þó slitnar það nærri sundur við Stekkakeldu. Meginhloti landsins er þar suður af. Það er mjög gott til ræktunar.*“<sup>19</sup>

Við stofnun verslunar á Höfn í lok 19. aldar urðu kaflaskil í búsögu Hafnarness. Sumarið 1897 var verslunarstaðurinn á Papósi í Lóni fluttur til Hafnar við Hornafjarðarós og myndun kaupsins hófst. Kaupúnið óx hratt og í kjölfar þess þrengdi að landi Hafnarnesjarðar. Árið 1928 var jörðinni skipt og fékk kaupúnið 2/3 hluta lands Hafnarness undir sína lögsögu. Hafnarhreppur var stofnaður 1946 og eignaðist hreppurinn síðan alla jörðina árið 1965.<sup>20</sup> Frá 1997 hefur sveitarfélagið haft full yfirráð yfir landi Hafnarness og búskap á jörðinni þar með hætt.

---

<sup>10</sup> Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 155

<sup>11</sup> Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 158

<sup>12</sup> Íslenskt fornbréfasafn IX, 1909-13, bls.93

<sup>13</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

<sup>14</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

<sup>15</sup> Jón Þorkelsson, 1918-1920, bls. 19-20

<sup>16</sup> Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 155

<sup>17</sup> J.Johnsen, 1847, bls. 2

<sup>18</sup> Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 4

<sup>19</sup> Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 153

<sup>20</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 50

## 4.2 Höfn

Eins og ofar greinir er upphaf byggðar á Höfn rakin til sumarsins 1897, þegar Otto Tulinius kaupmaður flutti verslun sína og heimili frá verslunarstaðnum Papós í Lóni til Hafnar í Hornafirði.<sup>21</sup> Verslunarlóðinni var valinn staður á Hafnarnestanga syðst í landi Hafnarness og tók yfir allan austurhluta tangans. Verslunar- og íbúðarhúsin voru reist við hina fornu Hafnarvík, milli Afkastahóls og Heppu.<sup>22</sup> Sagnir herma að þýskir kaupmenn hafi reist búðir við víkina, áður en Danir komu á einokunarverslun hér á landi árið 1602.<sup>23</sup> Einnig að fornar búðartóftir hafi fundist við víkina um miðja 19. öld en vegghleðsla kom í ljós þegar tekið var fyrir grunnum verslunarhúsanna í lok aldarinnar.<sup>24,25</sup> Fyrsta árið risu tvö íbúðarhús ásamt verslunarhúsinu og nokkrum útihúsum og kofum. Út frá verslunarlóðinni byggðist síðan kaптúnið upp á næstu áratugum. Árið 1907 höfðu 3 ný íbúðarhús risið innan verslunarplássins, Leiðarhöfði, Grímsstaðir (Hafnarbraut 26) og Hekla (Hafnarbraut 15) en þar var einnig rekið gistihús. Átta árum síðar reis 6. íbúðarhúsið, Garður nú Hafnarbraut 16, fyrsta steinsteypa húsið á Höfn.<sup>26</sup>

Fram til 1920 var Höfn fyrst og fremst verslunarstaður með nokkra tugi íbúa. Atvinna fólks byggðist því aðallega á umsvifum í kringum verslunina, ólíkt öðrum þorpum við sjávarsíðuna á þeim tíma þar sem útgerð var aðalvinnuvegurinn.<sup>27</sup> En samhliða stunduðu Hafnarbúar smábúskap. Í fyrstu var íbúum úthlutað stórum lóðum sem uppfylltu þarfir íbúa, fyrir íbúðarhús, útihús og jarðrækt. Upp úr 1920 tók fólksfjölgun á Höfn mikinn kipp sem rekja má til aukinnar vélbátaútgerðar frá Hornafirði. Á þeim tíma voru allt að 12 vélbátar af Austfjörðum gerðir út frá Höfn á vetrarvertíð, áhafnir þeirra töldu hátt í 60 manns.<sup>28</sup> Mikil eftirspurn var fyrir viðlegupláss, verbúðir og önnur mannvirki tengd sjávarútveginum. Varð því fljótlega skortur á hentugu byggingalandi innan verslunarplássins. Fór svo að lóðum á hæðum og hólum innan Litlubrúar var úthlutað til nýrra íbúa en þar með skiptist byggðin í tvennt, innbyggð og útbyggð. Fyrsta íbúðarhúsið í innbyggðinni er Sólstaðir, byggt á Fiskhól árið 1920 um 500 m norðan við verslunarstaðinn.<sup>29</sup> Á þriðja og fjórða áratugnum var mikil uppbygging verstöðva og verbúða í kaптúninu, m.a. á Heppu og við Syðri-Ægissíðu.

Á þessum tíma var ekkert markvist skipulag í gildi og engin afskipti voru af staðsetningu húsa, byggingastíl eða innbyrðis afstöðu þeirra.<sup>30</sup> Í Sögu Hafnar er lýsing á húsakosti á Höfn í byrjun aldar svohljóðandi: „Þótt íbúðarhúsin á Höfn væru frábrugðin hvert öðru að lögun og útliti báru þau flest svipmót nýrra tíma í íslenskri húsagerð. Þau voru rúmbetri og bjartari en sýslubúar höfðu

<sup>21</sup> Gísli Björnsson, 1976, bls. 179

<sup>22</sup> Gísli Björnsson, 1976, bls. 178

<sup>23</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 9

<sup>24</sup> Gísli Björnsson, 1976, bls. 172

<sup>25</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 9

<sup>26</sup> Gísli Björnsson, 1976, bls. 233-244

<sup>27</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 80-81

<sup>28</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 239

<sup>29</sup> Gísli Björnsson, 1976, bls. 245-246

<sup>30</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 66-67

vanist, gluggar fleiri og stærri og fólk þurfti ekki lengur að ganga hokið um dyr. Timbur, steinsteypa og bárujárn voru helstu byggingarefnin en torf og grjót lítt áberandi. Framan af voru kjallarar yfirleitt grjóthlaðnir en þeir voru einkum notaðir til geymslu matvæla. Allt fram til 1924 var Garður eina steinsteypa íbúðarhúsið en upp frá því varð steypa ráðandi byggingarefni í þorpinu. Útveggir timburhúsa voru ávallt bárujárnsklæddir og flest höfðu húsin bárujárnsklædd timburþök.<sup>31</sup>



Mynd 2. Höfn um 1930, séð frá Leiðarhöfða. Ljós. Vigfús Sigurgeirsson. Hér.A-Skaft. 1990-1-73.

Árið 1928 fór jörðin Hafnarnes úr ábúð og fékk kaптúnið 2/3 hluta jarðarinnar undir sína lögsögu<sup>32</sup>. Áratuginn á undan höfðu Hafnarbúar óskað eftir að fá úthlutað landsvæði til ræktunar vegna ört vaxandi íbúafjölda í þorpinu án árangurs. Eins og fyrr segir byggðist afkoma meirihluta íbúa þá að mestu á smábúskap og því brýn þörf á auknu landrými sem var fullnýtt á þeim tíma.<sup>33</sup> Árið 1929 fékk kaптúnið úthlutað hagabeitar- og ræktunarlandi innan áfangastaðar, sem sýslunefnd fékk úthlutað úr landi Hafnarness árið 1903, þar skiptust á mýrar og grösugir hólar. Ræktunarlöndin náðu frá Móhól í suðri að Langhólanesi í norðri, að jarðarmörkum kaптúnsins

<sup>31</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 71

<sup>32</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 194-195

<sup>33</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 190-195

og Hafnarness<sup>34</sup>. Landið var afgirt og ræst fram, plægt og herfað. Ræktunarlöndin voru í notkun fram yfir miðja 20. öld, þegar þau voru tekin undir byggingalóðir.

Fyrstu umræður um skipulagsmál fyrir Hafnarkauptúnið hófust á þriðja áratug 20. aldar en það var ekki fyrr en eftir stofnun Hafnarhrepps árið 1946 sem skipulagsmálin komust í fastar skorður.<sup>35</sup> Árið 1939 voru risin samtals 117 mannvirki á Höfn, þar af 44 íbúðarhús með um 250 íbúum. Fyrsti skipulagsupprátturinn af þéttbýlinu sem gerður var 1947 og staðfestur af stjórnvöldum 1949, lagði grunn að þróun byggðarinnar næstu 10 árin.<sup>36</sup> Á ytri hluta svæðisins var gert ráð fyrir atvinnu- og þjónustubyggð ásamt þeirri íbúðabyggð sem fyrir var en eingöngu íbúðabyggð innan Litlubrúar.

#### 4.3 Álaugarey

Álaugarey eða Álögarey, eins og eyjan er nefnd í örnefnaskrá, var ein af 42 eyjum og skerjum í Skarðs- og Hornafirði sem tilheyrðu Hafnarnesjörðinni.<sup>37</sup> Álaugarey var með þeim stærstu og gaf af sér mestu töðuna af þeim sem nytjaðar voru af hálfu Hafnarnessbænda.<sup>38</sup> Rétt norðan við Álaugarey er Standey, lítil og lágreist eyja. Þegar jörðinni var skipt upp árið 1929 komu 14 eyjar og hólmar í hlut kaupsins og voru fljótlega leigð íbúum þess sem slægjulönd.<sup>39</sup> Um 200 m austan Álaugareyjar er Mikley, stór eyja sem tilheyrði Horni í Nesjahreppi. Milli Mikleyjar og Álaugareyjar er Mikleyjaráll og um hann og svokallaða Lænu, rennu norðan Álaugareyjar, lá í fyrstu innsiglingin að bryggju á Höfn.<sup>40</sup> Árið 1953 var tekin ákvörðun um að færa innsiglinguna suður fyrir Álaugarey og var allt efni sem grafið var upp úr nýju innsiglingarrennunni notað til uppfyllingar á milli Heppu, Standeyjar og Álaugareyjar.<sup>41</sup> Um haustið sama ár var lagður vegur út í eyna og þar með var hún komin í vegasamband við kaupsúnið.

#### 4.4 Ósland

Fram undir 1950 var Ósland stakstæð eyja sunnan Hafnartangans, tæpan km innan við Hornafjarðarós og tilheyrði jörðinni Horni í Nesjum.<sup>42</sup> Suðaustan Óslands er eyjan Lambhellir eða Hellir, miðja vegu milli Óslands og Austurfjörú. Áður fyrr var þurrt land frá austurfjörunni og yfir í Óslandið um Helli, með óslitnu graslendi milli eyjanna tveggja.<sup>43</sup> Allt vatn úr Skarðsfirði rann áður um rás milli Óslands og Hafnartangans og sameinaðist Hornafjarðarfljótum um ósinn sem þá stóð uppi mun vestar en nú er.<sup>44</sup> Samkvæmt Byggðasögu A-Skaftafellssýslu hermdu munnmæli að kaupskip fyrr á öldum hafi náð að athafna sig vestan við Ósland og svonefnda Ferjukletta.<sup>45</sup> En á

---

<sup>34</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 195

<sup>35</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 67

<sup>36</sup> Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 64-65

<sup>37</sup> Ö-skrá fyrir Hafnarnes, bls. 3

<sup>38</sup> Bjarni Bjarnason, 1976, bls. 154

<sup>39</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 200

<sup>40</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 271

<sup>41</sup> Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 119

<sup>42</sup> Ö-skrá, Horn-7

<sup>43</sup> Gísli Björnsson 1976, bls. 167

<sup>44</sup> Gísli Björnsson 1976, bls. 167-168

<sup>45</sup> Gísli Björnsson 1976, bls. 168-169

seinni hluta 18. aldar urðu miklar breytingar í Hornafirðinum vegna landbrots sem leiddi til þess að Ósland og Hellir skildust að og í kjölfarið breyttist útfall frá Skarðsfirði um Hornafjarðarós sem færðist í kjölfarið austur fyrir Hvanney.<sup>46</sup>

Á Horni var erfitt um heyskap og vestustu eyjar í Skarðsfirði því nýttar sem engjalönd, þar á meðal Mikley og Ósland enda eyjarnar grasgefnar.<sup>47</sup> Fáir bændur áttu eins langa leið að fara til engjalanda sinna og Hornsbændur eða margra kílómetra vegalengd. Fyrst var heyfengur fluttur á bátum yfir Skarðsfjörðinn og síðan á hestum eftir fjörunni.

Rúmum 20 árum eftir stofnun Hafnarhrepps eignaðist hreppurinn Óslandið.<sup>48</sup> Um miðja 20. öld fóru bæjaryfirvöld á Höfn í umfangsmiklar landfyllingar suður af Heppu og Afkastahól út að Óslandi og er það svæði hluti af hafnarsvæði Hornafjarðarhafnar í dag. Syðsti hluti Óslands er friðlýstur fólkvangur samkvæmt gildandi deiliskipulagi en svæðið norðan Óslandshæðar er skilgreint iðnaðar- og hafnarsvæði.

#### 4.5 Bjarnaneshverfi

Í Byggðasögu Nesjahrepps segir: „*Bjarnaneshverfi eða Bjarnaneshjáleigur er hið forna land Bjarnaness og síðar einnig hjáleigna þaðan. Að austan takmarkast landsvæði þetta af Laxá og að vestan af Hornafjarðarfljótum. Að norðan af Þveit og Þveitarlæk [...] í fjall upp að mótum blágrýtis- og líparítskriðunnar vestan í Ketillaugarfjalli.*“<sup>49</sup>

Um aldir hefur Bjarnanes verið höfuðból héraðsins, kirkjustaður, prestsetur og kunnur sögustaður, Teitur ríki Gunnlaugsson lögmaður bjó í Bjarnanesi á 15. öld.<sup>50</sup> Talið er að Bjarnanes og landnámsjörðin Meðalfell sé ein og sama jörðin. Bærinn hafi fljótlega verið færður þar sem nú er Bjarnanes enda landkostir mun betri en undir Meðalfellinu. Í kirknaskrá frá 1200 er getið kirkju í Bjarnanesi og í máldögum frá 1367 og 1397.<sup>51</sup> Kirkjan átti hálfa jörðina á móti hálfri bændaeygn.

Í Jarðabók Ísleifs Einarssonar 1708-9 segir: „*Bjarnanes. Dómkirkju jörð. Ix hdr. Landsk. Iij hdr. Sem að fornu hefur verið. Kirkjukúgildi xiiij. þaraf x í málnytu og 4 í kvikfé. Item 12 sauðir veturgamlir, 8 sauðir tvævetrir og 2 hestar. Reka ítak á jörðin fyrir Horns landi, frá Miðskeri og vestur að Þinganess-skerjum. Item Hornaey, sem nú kallast Óskálfur. Hálfa Hrísey í móti Arnansesi, og Akurey. Item Hrafnseyar. Skógar ítök á jörðin ánægjuleg á Laxárdal í Dals og Hvamms löndum.*“<sup>52</sup> Árin 1753 og 1847 var mat og landskuld óbreytt en komið í 80,5 hundruð í mati 1861, með 12 hjáleigur.<sup>53,54</sup> Bjarnaneshverfi hefur jafnan verið þéttbýlt, allt að 12 jarðir samtímis í byggð ásamt prestsetrinu.<sup>55</sup> Stærð og gæði jarðnæðis hjáleignanna var mismunandi en nægjanlegt til að

<sup>46</sup> Gísli Björnsson 1976, bls. 167-169

<sup>47</sup> Bjarni Bjarnason 1971, bls. 127

<sup>48</sup> Gísli Björnsson 1976, bls. 277

<sup>49</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls 176

<sup>50</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls 218

<sup>51</sup> Jón Þorkelsson, 1921-1923, bls. 248-9

<sup>52</sup> Jón Þorkelsson, 1918-1920, bls. 21-22

<sup>53</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 220-221

<sup>54</sup> Ný jarðabók fyrir Ísland, 1861, bls. 4

<sup>55</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 176

framfleyta sér og sínum. Norðaustan við þjóðveginn er forna beitiland Bjarnaness og var það óskipt land Hjáleigujarða. Fram eftir 20. öld komust Bjarnanesshjáleigur í ábúendaeign og beitilandinu skipt jafnt á milli jarða.<sup>56</sup> Meðal fyrrum hjáleigujarða Bjarnaness eru jarðirnar Fornustekkar og Austurhóll.

#### 4.6 Nesjahverfi


Mörk Nesjahverfis liggja innan áðurnefnds beitilands Bjarnaness og hjáleigna, síðar land Fornustekka og Austurhóls í Nesjum. Hverfið liggur sunnan Hæða og nær suður á svonefnda Langhóla, milli Stórhóls og Meðalfellsvegar. Með byggingu Mánagarðs, félagsheimilis Nesjahrepps 1952 og stofnun skólaseturs á Sunnuhvoli 1958, síðar Nesjaskóla, markaði upphaf þéttbýlismyndunar Nesjahverfis.<sup>57</sup> Ofan Mánagarðs hófst uppbygging íbúðabyggðar á áttunda og níunda áratugnum, sem í fyrstu tengdist að stórum hluta starfsfólki Nesjaskóla.<sup>58</sup>

---

<sup>56</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 177

<sup>57</sup> Bjarni Bjarnason, 1971, bls. 197-198

<sup>58</sup> Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 375-376




Mynd 3. Skráðir voru samtals 148 minjastaðir á Höfn og í Nesjahverfi.

## 5. Niðurstöður / Samantekt

Mikill fjöldi minja er innan skráningasvæða Hafnar og Nesjahverfis (sjá kort á mynd 3). Í allt voru skráðar 148 minjar, þar af eru 36 frá eldri skráningum. Aldur minjanna nær allt frá landnámi og fram til 1925. Eins og við mátti að búast er fjöldi og þéttleiki þeirra mestur á svæðinu utan Litlubrúar, þ.e. frá Grímsstaðahæð austur að Hafnarvík og Heppu (sjá minjakort 1, 2 og 3 í viðauka). Þar risu fyrstu húsin árið 1897 og markaði þar með upphaf þéttbýlismyndunar á Höfn.

Á mynd 4 er sýnd skipting allra skráðra minja samkvæmt minjaheildum. Flestar þeirra flokkast sem *þéttbýlisminjar* eða 65 talsins. Það má skýra út frá stöðu fyrstu íbúa kaupsins, en á frumbýlisárum Hafnar og allt fram á fjórða áratuginn stunduðu flestir íbúar sjálfsþurftarbúskap samhliða launuðum störfum, við sjósókn eða verslunarstörf. Fjós, hlöður og fjárhús voru algeng við híbýli fólks. Slík mannvirki viku að endingu fyrir sífellt stækkandi íbúða- og athafnabyggð innan þéttbýlisins.




Mynd 4. Yfirlit yfir minjaheildir. Algengastar eru þéttbýlisminjar, þar næst búsetu- og sjó minjar. Aðrar minjar innan skráningarsvæðisins sem falla í aðra flokka en hér hefur verið fjallað um, vísast til fornleifaskrár til upplýsinga.

*Búsetuminjar* eru næst algengasta minjaheildin, samtals 36. Þær eru vitnisburður um landnýtingu bænda í Hafnarnesi, Hornsbænda ásamt Bjarnanessjarðar og hjáleigna hennar. Tóftir beitarhúsa eru m.a. tegund minja sem flokkast sem búsetuminjar. Þar sem skráningasvæðin eru töluvert utan heimatúna þessara jarða er ekki líklegt að vænta fjölbreyttari búsetuminja.


Til *sjóminja* flokkast allar minjar um sjósókn, svo sem lendingar, skipalægi, uppsátur, verstöðvar, fiskreitir, þurrkhjallar, o.s.frv.. Í þessari skráningu eru 24 minjar flokkaðar sem sjóminjar. Allt frá upphafi byggðar í Hornafirði, bæði í Nesjum og á Höfn hafa líf og störf fólks verið nátengd sjósókn, vinnslu- og öllum aðbúnaði tengdum þeirri atvinnugrein. Til sjóminja teljast m.a. uppsátrín við Leiðarhöfða, fiskreitir á Fiskhól og verstöðvarnar við Syðri-Ægissíðu.

Aðrar minjaheildir hafa færri en 10 skráningar en á mynd 4 hér fyrir ofan kemur fram fjöldi þeirra innan hverrar heildar.

Flestar skráningar í þessu verkefni eru byggðar á ritheimildum, eða nærri 70% allra minja og eru því ekki sýnilegar á yfirborði. Ef litið er til þess hve stór hluti skráningasvæðisins er innan marka núverandi þéttbýlis Hafnar, hafa mannvirki sem tilheyrðu íbúum Hafnar um aldamótin 1900 og fyrstu áratugi 20.aldar þurft að víkja fyrir nýjum lóðum íbúðarhúsa og annarra mannvirkja, og seinna meir skipulagsáformum bæjaryfirvalda. Ritheimildirnar eru 100 en næst koma tóftir, samtals 23. Aðrar tegundir minja eru umtalsvert færri, mynd 5 hér neðar sýnir tegundir minja og fjölda þeirra er tilheyrir hverri tegund.



Mynd 5. Myndin sýnir fjölda í hverri tegund minja. Horfin mannvirki eða aðrar fornleifar flokkast sem heimild um fornleifar. Í þessu tilfelli er heimild langalgengasta tegund minja.



Mynd 6. Skilgreint hlutverk minja. Óþekkt hlutverk er algengast, beitarhús og híbýli koma þar næst á eftir.

Mynd 6 sýnir fjölda minja eftir skilgreindu hlutverki. Þar er áberandi fjöldi þeirra sem flokkast sem óþekktar, eða 23 af þeim 148 minjum sem skráðar voru. Í slíku tilfalli er hlutverk mannvirkis ekki ljóst, heimildir takmarkaðar eða engar og minjar þess eðlis að erfitt er að ákvarða hlutverk þeirra eingöngu út frá ásýnd. Til beitarhúsa flokkast 13 mannvirki, m.a. við Hríshól (3000:088 til :089), Austur-Fjárhúshól 3000:102 til :104) og Fjárhúshól í Óslandi (3000:129 til :134). Beitarhús stóðu fjarri bæjarhlöðum, í úthögum og beitarlandi, staðsetning þeirra má sjá á minjakortum 5 og 8. Híbýli fólks eru samtals 11, þar teljast fjöldi húsa frumbýlinga Hafnar sem eru horfin. Meðal þeirra eru eldra hús Grímsstaða (3000:036), Þórshamar eldra hús (3000:029), Geirsstaðir (3000:064) og Höfðahús (3000:065) á Leiðarhöfða, Hekla (3000:38), Hagi (3000:075) og Garður (3000:032), en það var fyrsta steinsteypa húsið sem reist var á Höfn árið 1915 en hefur nú verið rífið. Matjurtagarðar voru nánast við hvert heimili, ásamt fjárhúsum, hlöðum og fjósum. Minjakort 1 til 4 sýna m.a. staðsetningu horfinna híbýla.

Fyrir innan Litlubrú eru helstu minjar tengdar þéttbýlisminjum (sjá minjakort 4), en norðar í landinu eru búsetuminjar áberandi (sjá minjakort 5). Sérstöðu hefur Syðri-Ægissíða, þar eru minjar verstöðva útgerðarmanna af Austfjörðum frá 1920 (3000:108 til 116) og í Álaugarey komu merkar minjar í ljós árið 1934 (3000:125) þegar grafið var niður á konukuml sem talið er vera frá því um 900 (sjá minjakort 7).

Innan marka Nesjahverfis eru tóftir beitarhúsa, við Stórhól (3000:140 til 142) og Réttarklett (3000:143-145). Ásgerðartættur samanstanda af tvíhólfa tóft ásamt garðlagi (3000:146-147).

Aldur Ásgerðatætta nær líklega allt aftur til 17. aldar en beitarhúsin frá aldamótum 1900, mögulega fyrr. Allar minjarnar falla innan marka þéttbýlisins.

Í umfjölluninni hér ofar hefur verið fjallað í stórum dráttum um þá minjaflokka sem tilgreindir eru í eftirfarandi minjaskrá. Minjaheildir eru fjölbreyttar, tegund minja margvísleg og hlutverk þeirra mismunandi. Umfjöllunin er ekki tæmandi og vísast því til minjaskrár í næsta kafla til nánari upplýsinga.

Hættumat vegna tilefnis skráningar er í viðauka III aftast í skýrslu.

## 6. Minjaskrá

**Auðkenni:** 3000:001 Höfn

**heimild**

**hleðsla**

**Staðsetning:** A 683936.718 - N 421997.773

**Friðlýst:** nei

**Sérheiti:** Höfn

**Ástand:** sést ekki til minja

**Minjaheild:** óskilgreind

**Horfin:** vegna bygginga

**Tegund:** heimild

**Hætta:** engin hætta

**Hlutverk:** óþekkt

**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir

**Aldur frá – til:** 900 – 1900

**Dagsetning:** 24.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Minjastaður er innan þéttbýlis, undir húsgrunni hússins við Hafnarbraut 2.

**Lýsing:** Upphaf byggðar á Höfn nær til stofnunar verslunarplássins við Hafnarvík árið 1897, þegar Otto Tulinius kaupmaður flutti verslun sína frá Papós til Hornafjarðar. Hafnarvík er yst í landi Hafnarness, þar sem Höfn hét frá fornu.<sup>59</sup> Víkin var lítil malarvík milli Heppu og Afkastahóls en „harðvellisbakki fyrir ofan með litlu merki til tóftarbrota.“<sup>60</sup> Munnmæli herma að á fyrri öldum hafi búðir kaupmanna staðið við víkina.<sup>61</sup> Þegar grafið var fyrir grunni kaupmannshússins við Hafnarvíkina vorið 1897 var komið niður á steinhleðslur.<sup>62</sup> „... var þar komið ofan á veggjahleðslu forna, og hljóta það að hafa verið gamlir búðarveggir, því að þarna höfðu engin hús verið byggð í manna minnum.“<sup>63</sup>



Mynd 7. Kaupmannshúsið og Gamlabúð við Hafnarvík árið 1904. Brot úr ljósmynd Daniels Bruun. Hér.A-skaft/1992-40-24.

<sup>59</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 53

<sup>60</sup> Þórarinn Erlendsson, 1997, bls. 59

<sup>61</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 62

<sup>62</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 9

<sup>63</sup> Þorleifur Jónsson, 1950, bls. 9

**Staðsetning:** A 683941.328 - N 421915.901**Friðlýst:** nei**Sérheiti:** Kaupfélagsbryggjan**Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** verslunar- og sjóminjar**Horfin:** vegna framkvæmda**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** bryggja**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1950**Dagsetning:** 26.09. 2024**Umhverfi/staðhættir:** Við hafnarsvæðið innan þéttbýlis Hafnar.

**Lýsing:** Sumarið 1897 lét Tulinius kaupmaður gera bráðabyrgða bátabryggju sem lá til suðurs frá athafnasvæðinu við Hafnarvík og út í víkina.<sup>64</sup> Bryggjan var gerð úr nokkrum borðum sem lögð voru á búkka, en náði ekki út í álinn þar sem sjávarfallanna gætti minna.<sup>65</sup> Hún þótti fljótt ófullnægjandi og var ný og lengri bryggja byggð innan fárra ára. Eftir að Kaupfélag Austur-Skaftfellinga eignaðist verslunina gekk bryggjan undir nafninu Kaupfélagsbryggjan.<sup>66</sup>



Mynd 8. Ljósmynd af málverki frá fyrstu árum byggðar á Höfn. Það sýnir bryggjuna sem lá út í Hafnarvíkina. Hér.A-Skaft/1991-3-8.

<sup>64</sup> Þorleifur Jónsson, 1954, bls. 95

<sup>65</sup> Anna Þórhallsdóttir, 1972, bls. 122

<sup>66</sup> Hér.A-Skaft. Munnleg hefð: Ásgeir Þórarinnsson Núpan, MMH\_07\_0017\_67\_asgeir, viðtal 10.júní 1993

**Staðsetning:** A 683973.870 - N 421993.310**Friðlýst:** nei**Sérheiti:****Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** þéttbýlisminjar**Horfin:** vegna bygginga**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** fjós**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1950**Dagsetning:** 24.09. 2024**Umhverfi/staðhættir:** Innan þéttbýlis, á svæði við gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar.

**Lýsing:** Á lóð kaupmannshússins stóð gripahús með hlöðu.<sup>67</sup> Í virðingagjörð frá 1913 segir: „Skammt frá húsinu er hlaða með fjósi og hesthúsi 13x11 álnir með timburveggjum og járnþaki. Undir helmingi hússins er grjóthlaðinn kjallari.“<sup>68</sup>



Mynd 9. Fjós og hlaða kaupmannsins fyrir miðri mynd. Ljósmynd frá 1906. Hér.A-Skaft/1990-4-94.

<sup>67</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á húsum Þórhalls Daníelssonar, Höfn 30.maí 1913

<sup>68</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á húsum Þórhalls Daníelssonar, Höfn 30.maí 1913

**Auðkenni: 3000:004****heimild****hesthús****Staðsetning:** A 683973.849 - N 421993.231**Friðlýst:** nei**Sérheiti:****Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** þéttbýlisminjar**Horfin:** vegna bygginga**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** hesthús**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1950**Dagsetning:** 24.09. 2024**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð á svæði við gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar.

**Lýsing:** Á lóð kaupmannshússins stóð gripahús með hlöðu. Í virðingagjörð frá 1913 segir: „Skammt frá húsinu er hlaða með fjósi og hesthúsi 13x11 álnir með timburveggjum og járnþaki. Undir helmingi hússins er grjóthlaðinn kjallari.“<sup>69</sup>

**Auðkenni: 3000:005****heimild****hlaða****Staðsetning:** A 683973.849 - N 421993.231**Friðlýst:** nei**Sérheiti:****Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** þéttbýlisminjar**Horfin:** vegna bygginga**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** hlaða**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1950**Dagsetning:** 24.09. 2024**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð á svæði við gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar.

**Lýsing:** Á lóð kaupmannshússins stóð gripahús með hlöðu. Í virðingagjörð frá 1913 segir: „Skammt frá húsinu er hlaða með fjósi og hesthúsi 13x11 álnir með timburveggjum og járnþaki. Undir helmingi hússins er grjóthlaðinn kjallari.“<sup>70</sup>

<sup>69</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á húsum Þórhalls Daníelssonar, Höfn 30.maí 1913

<sup>70</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á húsum Þórhalls Daníelssonar, Höfn 30.maí 1913

**Staðsetning:** A 683752.684 - N 422011.032**Friðlýst:** nei**Sérheiti:****Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** þéttbýlisminjar**Horfin:** vegna bygginga**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hættu**Hlutverk:** túngarður**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1950**Dagsetning:** 26.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Innan þéttbýlis Hafnar. Á svæði meðfram núverandi legu Hafnarbrautar 2 – 24 og austanverðar Skólabrúar.

**Lýsing:** Verslunarlóðin sem Otto Tulinius fékk úthlutað 1897 var afmörkuð með torfgarði. Garðurinn náði frá kaupmannshúsinu í vestur langleiðina inn á holtið sem síðar nefndist Grímstaðahæð og þaðan í norðaustur til sjávar.<sup>71</sup>



Mynd 10. Kaupmannshúsið 1902, ljósmynd tekin af Jensen liðsforingja er kom á vegum landmælingadeildar danska herforingjaráðsins til Íslands 1902-3. T.v. sést í torfgarðinn sem afmarkaði verslunarlóðina. Hér.A-Skaft/1991-20-8.

---

<sup>71</sup> Náttúrufræðistofnun, 2024. Atlaskortateikning 1903-1-19

**Auðkenni: 3000:007**

**heimild**

**túngarður**

**Staðsetning:** A 683934.891 - N 421977.404

**Friðlýst:** nei

**Sérheiti:**

**Ástand:** sést ekki til minja

**Minjaheild:** þéttbýlisminjar

**Horfin:** vegna framkvæmda

**Tegund:** heimild

**Hætta:** engin hættu

**Hlutverk:** túngarður

**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir

**Aldur frá – til:** 1912 – 1950

**Dagsetning:** 24.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Innan þéttbýlis Hafnar, við lóð Hafnarbraut 2.

**Lýsing:** Í kringum kaupmannshúsið var í fyrstu hlaðinn garður úr torfi og grjóti. Íbúðarhúsið og verslunarplássið var byggt á flatlendi og sjór gekk yfir á tvo vegu. Síðar var reistur steinsteyptur veggur umhverfis húsið, sem átti að vera bæði girðing og skjólgarður fyrir sjávarroki.<sup>72</sup> Nokkur bót var af þessum garði og tókst húsfreyju í kjölfarið að rækta þar blóm.

**Auðkenni: 3000:008**

**heimild**

**hænsnahús**

**Staðsetning:** A 683987.764 - N 421989.574

**Friðlýst:** nei

**Sérheiti:**

**Ástand:** sést ekki til minja

**Minjaheild:** þéttbýlisminjar

**Horfin:** vegna bygginga

**Tegund:** heimild

**Hætta:** engin hættu

**Hlutverk:** hænsnakofi

**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir

**Aldur frá – til:** 1897 – 1950

**Dagsetning:** 24.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð innan þéttbýlis Hafnar, á svæði við gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar.

**Lýsing:** Í virðingagjörð frá 1917 segir: „Einnig er á lóðinni lítið en nýtt hænsnahús með þremur torfveggjum og timburgaflí.“<sup>73</sup>

<sup>72</sup> Anna Þórhallsdóttir, 1972, bls. 124

<sup>73</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á eignum Þórhalls Daníelssonar. Höfn 12. Júlí 1917

**Auðkenni: 3000:009**

**heimild**

**reykhús**

**Staðsetning:** A 683979.918 - N 421982.948

**Friðlýst:** nei

**Sérheiti:**

**Ástand:** sést ekki til minja

**Minjaheild:** þéttbýlisminjar

**Horfin:** vegna bygginga

**Tegund:** heimild

**Hætta:** engin hættu

**Hlutverk:** reykhus

**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir

**Aldur frá – til:** 1897 – 1950

**Dagsetning:** 24.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð innan þéttbýlis Hafnar, á svæði við gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar.

**Lýsing:** Samkvæmt virðingagjörð frá 1917 stóð lítið reykhus með torfveggjum á lóð kaupmannshússins.<sup>74</sup>

**Auðkenni: 3000:010**

**heimild**

**safnþró**

**Staðsetning:** A 683932.728 - N 421981.281

**Friðlýst:** nei

**Sérheiti:**

**Ástand:** sést ekki til minja

**Minjaheild:** þéttbýlisminjar

**Horfin:** vegna niðurrifs

**Tegund:** heimild

**Hætta:** engin hættu

**Hlutverk:** þró

**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir

**Aldur frá – til:** 1897 – 1950

**Dagsetning:** 26.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð innan þéttbýlis Hafnar, á svæði við gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar.

**Lýsing:** Á lóð kaupmannshússins var einnig steinsteypt safnþró með járnvörðu þaki, 6 x 3.30 m að stærð.<sup>75</sup>

<sup>74</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á eignum Þórhalls Daníelssonar. Höfn 12. Júlí 1917

<sup>75</sup> Hér.A-Skaft. KASK. Virðingagjörð á eignum Þórhalls Daníelssonar, Höfn 17.-18. Nóv. 1920

**Auðkenni: 3000:011****heimild****úthús****Staðsetning:** A 684106.358 - N 422043.861**Friðlýst:** nei**Sérheiti:****Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** þéttbýlisminjar**Horfin:** vegna bygginga**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** fjárhús**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1950**Dagsetning:** 26.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð innan núverandi þéttbýlis Hafnar, á svæði austarlega á Heppu.

**Lýsing:** Austast á Heppu stóð fjárhús í eigu Þórhalls Daníelssonar kaupmanns á Höfn.<sup>76</sup>

**Auðkenni: 3000:012****heimild****blóðvöllur****Staðsetning:** A 683995.887 - N 421979.763**Friðlýst:** nei**Sérheiti:****Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** iðnminjar**Horfin:** vegna bygginga**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** blóðvöllur**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1897 – 1912**Dagsetning:** 24.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Mannvirkið stóð innan núverandi þéttbýlis Hafnar, á svæði á Heppu.

**Lýsing:** Áður en fyrsta sláturhúsið var reist á Höfn árið 1912, var svæði á Heppu vettvangur slátrunar á sauðfé og stórgripum. Slátrað var utandyra á haustin og stóð sláturtíðin yfir í mánaðartíma.<sup>77</sup> Það setti óhug í hug barnanna í plássinu sem fylgdust með blóðbaðinu sem fylgdi slátruninni á haustin.<sup>78</sup>

<sup>76</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 75

<sup>77</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, 217

<sup>78</sup> Anna Þórhallsdóttir, 1972, bls. 128

**Staðsetning:** A 683966.217 - N 421961.716**Friðlýst:** nei**Sérheiti:** Sláturhúsið**Ástand:** sést ekki til minja**Minjaheild:** iðnminjar**Horfin:** vegna niðurrifs**Tegund:** heimild**Hætta:** engin hætta**Hlutverk:** sláturhús**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir**Aldur frá – til:** 1912 – 1980**Dagsetning:** 24.09. 2024

**Umhverfi/staðhættir:** Stóð á svæði við núverandi gatnamót Víkurbrautar og Heppuvegar, norðan Gömlubúðar.



Mynd 11. Sláturhúsið við hlið Gömlubúðar. Hér.A-Skaft/ 1992-35-59.

**Lýsing:** Eitt af fyrstu verkum Þórhalls Daníelssonar, nýs eiganda verslunarinnar á Höfn, var að reisa sláturhús við hlið Gömlubúðar árið 1912.<sup>79</sup> Með tilkomu þessa húss töldu heimamenn „fullkomna menningarbyltingu“ hafa orðið á hreinlætis og heilbrigðismálum, varðandi meðferð á sláturfé og sláturvara.<sup>80</sup> Húsið var steinsteypt með járnþaki og hvítkölkuðum veggjum. Það var um 15 x 6,25 m að stærð og skipt í tvennt. Eldri fjárrétt var við norðurhlið hússins. Sláturhúsið var stækkað 1923, með viðbyggingu úr járnveggjum, þar var skurðklefi, fjárrétt og hesthús.<sup>81</sup> Á loftinu voru þurrkaðar gærur.<sup>82</sup>

Um 30 manns unnu í sláturhúsinu ár hvert, m.a. bændur og bændasynir og aðrir vinnumenn af svæðinu. Húsið var í notkun sem sláturhús til 1945. Einn og sami maðurinn gegndi stöðu sláturhússtjóra allan þann tíma, Jón Eiríksson bóndi og hreppstjóri í Volaseli í Lóni.<sup>83</sup> Frá 1947 til 1973 var gamla sláturhúsið nýtt sem mjólkurstöð, eftir það rak Kaupfélag Austur-Skaftfellinga brauðgerð í húsinu fram undir 1980.<sup>84</sup> Það ár var gamla sláturhúsið rífið.

<sup>79</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 217

<sup>80</sup> Torfi Þorsteinsson, 1973, bls. 25

<sup>81</sup> Hér. A-Skaft. SV-XXVII. Fasteignamat í Nesjahreppi, Hafnarkauptún (1930)

<sup>82</sup> Arnþór Gunnarsson, 1997, bls. 217

<sup>83</sup> Anna Þórhallsdóttir, 1972, bls. 128

<sup>84</sup> Arnþór Gunnarsson, 2000, bls. 307

**Auðkenni: 3000:014**

**heimild**

**fjárrétt**

**Staðsetning:** A 683986.939 - N 421974.765

**Friðlýst:** nei

**Sérheiti:**

**Ástand:** sést ekki til minja

**Minjaheild:** iðnminjar

**Horfin:** vegna bygginga

**Tegund:** heimild

**Hætta:** engin hætt

**Hlutverk:** fjárrétt

**Skrásetjari:** Sigríður G Björgvinsdóttir

